



# KENNARAR Á KLAUSTRI ERU TÆKIFÆRIN

## Umsjónarkennari á miðstigi

Kirkjubæjarskóli á Siðu auglýsir eftir umsjónarkennara á miðstigi. Um er að ræða 80-100% stöðu í samkennslu í 6.-7. bekk. Kennslugreinar eru m.a. íslenska, enska, samfélagsfræði og náttúrufræði. Starfstími er frá 2. janúar 2024 til loka skólaárs. Í Kirkjubæjarskóla eru um 45 nemendur og 12 starfsmenn.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennir og hefur umsjón með nemendum 6.-7. bekkjar
- Vinnur að skólapróun með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Stuðlar að velferð nemenda og tekur þátt í samstarfi við foreldra og annað fagfólk
- Tekur þátt í teymisvinnu á milli stiga

### Menntunar og hæfinskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Sérhæfing á grunnskólastgi. Lágmark 90 námseiningar á einu svíði aðalnámskrár og menntunarfræði grunnskóla
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum ásamt metnaði í starfi og sjálfstæðum vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnáttá
- Góð tölvikunnáttá og þekking á Infomentor
- Reynsla af starfi í grunnskóla og/eða starfi með börnum/ungmennum er æskileg



**Kirkjubæjarklaustur** er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélagini búa um 700 ibúar. **Á Klaustri** eru leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjölbreytt íþróttaiðkun fyrir börn er í boði. Á staðnum er íþróttahús og góð sundlaug. **Náttúrufegurð** er einstök og afar góð aðstaða til útvistar og er veðursæld mikil. **Húsnæði** á hagstæðum kjörum. **Launakjör** samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Kirkjubæjarskóli er grunnskóli í Skaftárhreppi fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á lykilatriði aðalnámskrár, jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur nýti hœfileika sína og getu til náms eins og frekast er unnt. Kirkjubæjarskóli er heilsueflandi grunnskóli og í haust hófst vinna við innleiðingu jákvæðs aga í skólastarfi.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri í síma 487 4633 og 865 7440 eða skólastjóri@klaustur.is

### Umsóknarfrestur er til og með 11. desember nk.

Umsóknir sendast á skólastjóri@klaustur.is ásamt leyfisbréfi, og ítarlegri ferilskrá. Einnig skal sakavottorð fylgja í rafrænu formi auk upplýsinga um a.m.k. two meðmælendur.